

# Brandarabók

# Kringlumýrar

Samstarfsverkefni frístundaheimilanna

Krakkakot, Álftabær, Neðstaland, Sólbúar, Vogasel,  
Dalheimar, Glaðheimar og Laugarsel.



2019

Hvað kallar maður lítinn hákarl?

**Smákarl!**

Einu sinni voru krakkar í frístundaheimili að labba yfir götu og það kom bíll. En það gerðist ekkert af því starfsmaður stóð fyrir bílnum og allir komust heilu og höldnu yfir götuna og það var ekkert punchline.

Vitiði af hverju svanurinn er með svona langan háls?

**Svo hann kafni ekki úr táfýlu.**

Það voru tveir tómatar að labba yfir götu. Bíll keyrði yfir annan tomatinn og þá sagði inn :  
Komdu tómatsósan þín!

Það voru tveir tómatar að labba yfir götu en þá er brandarinn eyðilagður því hinn var á spílala.

Einu sinni fór frístundaheimili í sund svo sagði sundlaugarvörðurinn „Hey hvernig komst lús í sundlaugina?“

Af hverju kastaði krakkinn úrinu út um gluggann?

**Hann vildi sjá tímann fljúga!**

**Spakmæli** : Langt rúllar barn niður laugarveginn.

**Krakkinn** : Má ég fá tvær kökusneiðar?

**Foreldrið** : Já já, skerðu bara þessa sem þú ert með í tvennt.

## **Heyrt inn á Dominos.**

„Viltu að ég skeri pizzuna í 6 eða 8 sneiðar?“

„Bara 6, ég held að 8 sneiðar séu of mikið.“

## **Heyrt í Kringlunni**

„Mikið er ég glöð að rafmagnið er komið aftur á. Ég var föst í lyftunni í heilan klukkutíma!“

„Ég er sammála, var staddur í rúllustiganum og þetta var alltof langur tími.“

Einu sinni var endir. Síðan komu byrjanir.

**Einu sinni voru tvær smákökur að bakast í ofninum.**

Smákaka 1 : Ah, ég er að brenna!

Smákaka 2 : AAH TALANDI SMÁKAKA!!!

Einu sinni voru tvær appelsínur sem hétu Þegiðu og Enginn. Þær voru að mála glugga og Enginn datt út um gluggan svo Þegiðu hringdi í lögguna „Enginn datt út um gluggan! Enginn datt út um gluggan!!!“ Þá svaraði löggan „Það var nú gott.“ Þá sagði Þegiðu „Skilurðu mig ekki?! Enginn datt út um gluggan!!“ Þá spurði löggan „Hvað heitir þú?“ og fékk svarið „Þegiðu.“

Má ég segja þér brandara? Farðu og keyptu þér blýant og gerðu brandara.

Hvað sagði Tarzan þegar hann sá fílanna koma hlaupandi?

**Uh hu huhu sem þýðir á fílamáli – þarna koma fílarnir hlaupandi!**

Af hverju opnaði krakkinn alltaf mjólkina út í búð?

**Því það stendur „opnist hér“ á fernunni.**

Einu sinni voru tvær appelsínur að labba yfir  
brú og þá datt önnur appelsínan  
í vatnið og öskraði „HJÁLP!“  
Þá sagði hin appelsínan  
„Fljót, fljót, skerðu þig í báta!“

Einu sinni voru tvö epli úti að ganga þegar þau  
tóku eftir einhverju fljótandi í ánni. . Annað  
eplið spurði þá „hvað er þetta appelsínugula  
úti í ánni?“ og hitt svaraði að bragði „þetta er  
appelsínan sem var í seinasta brandara.“



Einu sinni voru fíll og mús í sundi og þá sagði fíllinn „Ææ ég gleymdi sundskýlunni minni!“ Þá sagði músin „Ekkert mál, ég kom með tvær svo þú mátt fá lánað.“

Það voru einu sinni tvær slöngur að spjalla saman þegar önnur spyr hvort þær séu eittraðar. Hin svaraði þá „Já, af hverju spyrðu?“ „Því ég beit mig í tunguna...“

Hver er síðasti jólasveinninn?

**Kortaklippir, þú ert búin að kaupa svo mikið í desember!**

Af hverju setti maðurinn alltaf stól út á svalirnar á kvöldin?

**Svo sólin gæti sest.**

What did the aliens say to the parents?

**I need some space**

Einu sinni voru 2 kúr og ein sagði „muuuu“, þá sagði hin „ég ætlaði einmitt að segja þetta“

Einu sinni voru tvær kindur út í haga. Önnur sagði „meeeeh“. Hin brást þá hvumsa við „Hey þetta var ekki það sem ég ætlaði að segja, ég ætlaði að segja baahh.“

Hvaða hæna er með 6 fætur?

**Maríuhæna**

Einu sinni voru tómatur og kall sem löbбуðu saman yfir brú. Þá kom hákarl syndandi og var að skoða sig um. Hann var glórhungraður. Hann hoppaði upp á brúnna og beit fótanna af kallinum og allan tómatinn við þetta sprakk hákarlinn. Þá kom fólk og sagði „jibbí!!“

Einu sinni var prumpukall. Svo kom bíll og keyrði yfir prumpukallinn. Við það kom prumpulykt út um allan heim.

Einu sinni var kall að labba yfir brú. Hann rann á bananahýði og prumpaði í buxurnar.

Einu sinni var kall sem var í göngutúr. Hann labbaði og labbaði og labbaði allt þar til hann datt á stein og fór að hlægja en ekki gráta.

Af hverju er sex hrædd við sjö?

**Af því að sjö er stærri!**

Af hverju fór ég á klósettið?

**Af því að ég var svöng!**

Hvað kallarú afa í góðum gír?

**GÍRAFA!**

Einu sinni var tómatur , sem labbaði yfir á rauðu ljósi. Þá sagði bílstjórinn „af hverju ertu að labba yfir á rauðu ljósu?“ Þá svaraði tómaturinn „Því þetta er rautt ljós og tómatar eru rauðir, þá labba þeir yfir á rauðu“.

Hvað sagði veggurinn við hinn vegginn?  
**Hittumst á horninu.**

Hvað myndi YETI vera ef hann væri matur?  
**SPAGETTI!**

Einu sinni voru mús og fíll á Laugarveginum í göngutúr.

**Músin (sönglandi):** Ég er að labba yfir Laugarveginn, ég er að labba yfir laugarveginn.

**Fíllinn:** Ef þú hættir þessu ekki þá pissa ég á þig!

**Músin (sönglandi):** En ég er að labba yfir Laugarveginn, ÉG ER AÐ LABBA YFIR LAUGARVEGINN

**Fíllinn:** ef þú gerir þetta einu sinni enn þá pissa ég á þig.

**Músin (sönglandi):** Ég er að labba yfir Laugarveginn, ég er að labba yfir Laugarveginn.

*Þá pissaði fíllinn á músina.*

**Músin (sönglandi):** Mér finnst rigningin góð

Hvað sagði A við Á?  
**Halló sessunautur.**

Af hverju fór kennarinn á ströndina?  
**Til að prófa vatnið!**

Af hverju fór hesturinn í dýragarðinn?  
**Til að hlaupa í burtu.**

**Veistu hvað maður gerir við saltkjöt?**  
Saltkjöt og baunir tókall.



**Veistu af hverju snjór er hvítur?**

Af því hann á að vera þannig.

Af hverju eru fiskar til?

**Því hákarlar þurfa mat.**

Veistu af hverju ísinn fer alltaf í ræktina á morgnanna?

**Til að komast í betra form... Ísform!**

Af hverju starði krakkinn upp í loftið?

**Af því að einhver sagði að það væri fljúgandi hálsa.**

Einu sinni var verið að undirbúa flugvél fyrir brottför og það gleymdist að loka bensíntanknum. Svo var lítið barn sem sá hana og kallaði: „Fljúgandi kaffikanna!“

Einu sinni var karl og lifandi tómatsósa. Tómatsósan datt og það skvettist á karlinn. Tómatsósan sá það og henni brá svo mikið að hún hringdi á neyðarlínuna því hún hélt að hann hafi slasað sig.

Einu sinni voru tveir tómatar að labba yfir götu. Svo kom bíll og keyrði yfir annan þeirra. Þá kallaði hinn: „Komdu hérna tómatsósan þín!“

Einu sinni var fíll að hanga á sléttunni þegar það skreið mús upp á hann svo honum kitlaði. Þá kallaði fíllinn upp yfir sig: „Ég held ég sé með lús!“

Læknir: Hrýturðu alltaf?

Sjúklingurinn: Nei, bara þegar ég sef.

Af hverju henti krakkinn gítarnum sínum?  
**Því það var gat á honum.**

Hvað gerir Justin Bieber?  
**Hann bíbar alltaf.**

Einu sinni var lítil rúsína sem átti enga mömmu. Hún spurði súkkulaðið hvort hún vildi vera mamma sín. Súkkulaðið svaraði „Já, litla súkkulaðirúsínan mín!“

Af hverju heitir grjót – grjót?

**Því það er grjóthart.**

Hvað er það sem er svart, hvítt, svart, hvítt?

**Sebrahestur!**

Hvað sagði broddgölturinn við kaktusinn?

**Hæ pabbi!**

Hvað er uppáhalds súkkulaði geimfara?

**Mars!**

Einu sinni voru 7 strákar í hermileik. Einn klifraði upp í tré, hvað voru þá margir eftir á jörðinni?

**Enginn – þeir voru í hermileik!**

Hvað er það sem er stundum blátt uppí himninum?

**Stormur**

Hvernig setur maður fíl inní ísskáp?

**Tekur allt út og setur fílinn inn!**

Hvað hefur þúsund fætur en getur ekki labbað?  
**Kústur!**

Einu sinni voru tveir krakkar sem ætluðu að reyna kveikja varðeld. Þá spurði annar krakkinn „Ertu viss um að eldspíturnar virki?“ Hinn svarar „Já, ég er búinn að prófa þær allar!“

Stelpan „Amma, það eru krakkar hérna að safna fyrir sundliðið sitt“  
Amman „Æi en gaman. Við skulum styrkja það. Gefðu þeim eins og eina vatnsfötu.“

Vinir að spjalla saman.

„Ég nota alltaf snjallsímaminn til að vita hvernig veðrið er.“

„Vá, hvernig ferðu að því?“

„Ég fer út með símann og ef hann blotnar þá veit ég að það er rigning!“

Af hverju geta fiskar ekki talað?

**Þeir eru með munninn fullan af vatni.**

Vinkonur að spjalla saman.

„Kötturinn minn er svo klár að hann getur sagt nafnið sitt!“

„Vá! Það er töff! Hvað heitir hann?“

„Mjá.“



Tveir sjómenn voru að ræða saman.

„Úff, ég verð alltaf svo veikur á fyrsta degi sjóferðarinnar.“

„Af hverju ferðu þá ekki bara á öðrum degi?“

Af hverju fljúga nornir á kústum?

**Ryksugur eru svo þungar.**

Í landafræðitíma.

Nemandinn : Kennari, það er stór könguló á landakortinu!

Kennarinn : Hvar er hún?

Nemandinn : Rétt fyrir utan London.

Eplið og appelsínan voru að spjalla saman.  
Eplið spurði „af hverju er svona dimmt  
hérna?“ Þá svaraði appelsínan „af því þeran  
fór!“

Saumnál og þrjónn fóru saman í sund.  
Saumnálin var ekki glöð af því hún fékk vatn í  
augað.

Hvað hefur fjórar fætur en engar tær?

**Tær**

Af hverju fór fíllinn út að labba í sokkum?  
**Hann fann ekki strigaskónna sína.**

Tvær bakteríur hittust í hálsi.  
„Ferlega lítur þú illa út, ertu eitthvað slöpp?“  
„Já, ég er búin að fá pensilín tvisvar!“

Tveir vinir voru að skoða hella. Annar þorði ekki inn og spurði hinn.  
„Er ekki dimmt þarna inni?“  
„Það veit ég ekki, ég sé ekki neitt.“

„Ég get ekki kveikt á þessari eldspítu.“

„Skrítið, hún virkaði svo vel áðan.“

**Frístundastarfsmaðurinn :** „ Ertu nokkuð búin að gleyma að þú ætlaði að hjálpa mér að taka til?“

**Krakkinn :** „ Ne, en ef þú gefur mér aðeins meiri tíma þá tekst mér örugglega að gleyma því!“

Tveir krakkar að tala saman.

„Ég get hoppað hærra en ljósastaur?“

„Vá, hvernig ferðu að því?“

„Nú ljósastaurar geta ekki hoppað.“

Af hverju stendur flamingófugl alltaf á öðrum fæti?

**Hann myndi detta ef hann lyfti hinum líka!**

Hvað sagði Tarsan þegar hann sá fílahjörð koma yfir hæðina?

**„Nei sko, fílahjörð!“**

Hvað sagði Tarsan þegar hann sjá fílahjörð með sólgleraugu koma yfir hæðina?

**Ekkert því hann þekkti þá ekki.**

Hvað eru hreindýr?

**Hestar með loftnet.**

Einu sinni voru tveir kettir á laugarveginum þegar annar þeirra mjálmaði. Þá svaraði hinn „sammála.“

Einu sinni fóru tómatur og gúrka í bíó. Eftir smástund spurði gúrkan tómatin af hverju hann væri að gráta. Tómaturn svaraði með tárin í augunum „Það situr laukur við hliðina á mér.“

Tvö bláber að spjalla út í berjamó.  
„Mér er svo kalt!“  
„Það er ekkert skrítið, þú ert ber!“

Einu sinni var stóll sem hitti borð. Stóllinn sagði „Hæ borð. Það er einhver að fara að borða þig.“ Borðið svaraði „Það er einhver að fara að sitja á þér.“

Stóllinn varð hvumsa og sagði „Þetta passar ekkert.“

Einu sinni var appelsína sem fór í bíó. Hún ætlaði að fara inn í bíósalinn en ákvað að fara í sjoppuna fyrst. Þar var einn maður sem vildi appelsínudjús. Afgreiðsludaman kreisti þá appelsínuna fyrir manninn svo appelsínan öskraði: „Ónei!!! Ég er djús!“



Ábyrgðarmanneskja  
Ásta Margrét Elínardóttir  
Forstöðukona í Krakkakoti